



FRÉTTABRÉF

KJÖRDÆMISRÁÐS SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í SUÐURKJÖRDÆMI

Setjum markið hátt

Ágætu samherjar í Suðurkjördæmi,

Við sjálfstæðismenn göngum nú senn til landsfundar, mikilvægustu samkomu flokksins. Þar mótum við stefnuna og setjum tóninn fyrir komandi baráttu, tökum púlsinn á flokksmönnum, þjöppum okkur saman sem liðsheild og njótum þess síðast en ekki síst að vera innan um og saman við aðra sjálfstæðismenn.

Það er alltaf gaman á landsfundi, jafnvel þótt tekist sé hressilega á um málefni. Þar ríkir alltaf ákveðin stemmning, eftirvænting og stundum spennan.

Þekktur fjölmiðlamaður sagði í blaðagrein um landsfundinn 1999 að á landsfundi sjálfstæðismanna rékti það sem hann kallaði „fágað samkenndarþel“. Í orðum hans fólst þó engin sérstök aðdáun á okkar góða flokki, heldur var þetta fremur sett fram sem háð. En fjölmiðlamaðurinn hitti samt naglann á höfuðið. Við sjálfstæðismenn sýnum hvort öðru virðingu þótt við séum ekki alltaf sömu skoðunar og leggjum okkur fram um að ná niðurstöðu í erfiðum málum. Þegar niðurstöðu er náð snúum við bókum saman, sýnum hvert öðru umburðarlyndi og stöndum þétt saman gegn andstæðingum. Það má kalla það „fágað samkenndarþel“, ég leyfi mér að kalla þetta vinnulag liðs sem ætlar sér sigur.

Á komandi landsfundi verða mikil tímamót þar sem for-



maður okkar og leiðtogi til fjórtán ára hefur ákveðið að láta af stjórn málaþátttöku og hverfa til starfa á öðrum vettvangi. Davíð Oddsson er einstakur stjórn málaforingi sem leitt hefur Sjálfstæðisflokkinn og þjóðina alla í gegnum mesta og

lengsta hagsældarskeið í sögunni. Framlag hans til framfara í landinu verður seint fullmetið.

Við sjálfstæðismenn getum sannarlega verið stolt af verkum okkar í ríkisstjórn á síðustu árum, við höfum lækkað skatta á einstaklinga og fyrirtæki svo um munar, greitt niður skuldir ríkissjóðs í stórum stíl og skapað hér viðskiptaumhverfi sem hvetur til frumkvæðis og framfara. Á þann hátt hefur okkur tekist að bæta lífskjörin í landinu og komið okkur í fremstu röð meðal þjóða.

Framundan eru spennandi tímar með kosningum bæði til sveitarstjórna og Alþingis á næstu tveimur árum. Það er mjög mikilvægt að við leggjum okkur fram, öll sem eitt, við að nýta þau fjölmörgu sóknarfæri sem fyrir okkur liggja. Ég hlakka til að hitta ykkur sem flest úr Suðurkjördæmi á komandi landsfundi og hvet ykkur til að taka þátt í því að móta framtíðarstefnu Sjálfstæðisflokksins.

Geir H. Haarde

Varaformaður Sjálfstæðisflokksins.



1. tölublað
2. árgangur
Apríl 2005

Aðalfundur kjördæmisráðs mikilvægur fyrir kjördæmið

Ágætu sjálfstæðismenn.

Á fundi stjórnar kjördæmisráðs þann 18.08.2005 var farið yfir núverandi stöðu mála, dagskrá haustsins og mikilvæga fundi sem verða á vegum Sjálfstæðisflokksins fram að áramótum.

Undirritaður leggur áherslu á að undirbúningur fyrir haustfundi verði frá gengnir af hálfu félaga með réttum hætti og tímanlega.

Þann 8. október n.k. fara fram sameiningarkosningar á vegum sveitarfélaga og ríkisins. Aðkoma einstakra félaga innan flokksins verður efalítið með ólíkum hætti en engin umræða hefur farið fram á vegum kjördæmisráðs er þau mál varðar.

Þann 13. október hefst Landsfundur Sjálfstæðisflokksins og verður hann með hefðbundnu sniði.

Stjórn kjördæmisráðs mun halda fund með þingmönnum í Valhöll miðvikudaginn 12.10.2005 og verður þá farið yfir mál sem tengjast málefnavarfi flokksins innan kjördæmisins og lögð áhersla á niðurstöður og samantekt vorkunda í kjördæminu sem voru haldnir á vegum þingmanna og stjórnar kjördæmisráðs.

Landsfundarfulltrúum Suðurlkjördæmis verður boðið í móttöku á vegum þing-



manna og kjördæmisráðs föstudaginn 14.10.2005 og verður staðsetning og tímasetning auglýst á Landsfundinum. Lögð er áhersla á að trúnaðarmenn kjörnir á Landsfund eigi góða stund umrætt kvöld.

Á landsfundi eru valdir fulltrúar kjördæmisins í Miðstjórn. Lögð hefur verið áhersla á það innan stjórnar að koma fram með fulltrúa tímanlega og eru ábendingar er þetta varðar vel þegnar.

Undirritaður hefur ásamt Ólafi Björnssyni kallað endurskoðunarnefnd á vegum kjördæmisráðs saman til starfa og mun nefndin vinna að tillögum fyrir næsta aðalfund.

Miklar væntingar eru gerðar til umræddra tillagna þar sem áhersla verður lögð á að jafna aðkomu sjálfstæðismanna til funda á vegum sjálfstæðisflokksins og til að

hafa jafna aðkomu að uppstillingu til þingkosninga eða prófkjörs.

Halldór Leví og Unnur Brá hafa verið að vinna að tillögu að málefnavarfnuskra fyrir kjördæmið og hafa þau fengið til liðs við sig Georg Brynjarsson Tillögur þeirra verða lagðar fram á aðalfundi sem haldinn verður á Höfn laugardaginn 11. nóvember n.k.

Nánari dagskrá verður auglýst síðar.

Þessi tvö mál verða efa lítið mikilvægustu mál fundarins sem og venjuleg aðalfundarstörf.

Ágætu sjálfstæðismenn.

Næsti aðalfundur á Höfn verður mikilvægur fyrir kjördæmið. Undirbúningur er víða að hefjast er varðar sveitarstjórnarkosningar og er því gott fyrir okkur sjálfstæðismenn að gefa okkur góðan tíma á Höfn og ræða innri málefni flokksins og draga fram í dagsljósið baráttumál sem ef til vill geta verið byggð á sömu forsendum.

Undirritaður leggur mikla áherslu á góða mætingu og að fundarmenn gefi þessa helgi til að ræða málin, hafa gaman í stjórn málaumræðu þar sem samherjar miðla af þekkingu til þeirra sem eru ef til vill að taka við undirbúningi eða stjórna baráttu



heima fyrir.

Rétt er að láta það koma hér fram að undirritaður hefur ákveðið að bjóða fram sína starfskrafta til formennsku í stjórn Kjördæmisráðs fram yfir næstu þingkosningar að öllu óbreyttu. Öll umræða um flutning á stöðu formanns á milli svæða á fyllilega rétt á sér en við verðum að hafa í huga að þannig nálgumst við ekki árangur í okkar víðfeðmna kjördæmi. Árangur byggist m.a. á að þekkja kjördæmið, veikleika og styrkleika þess sem og það fólk sem hefur getu, burði og ánægju af störfum sínum fyrir flokkinn.

Fyrst nú er kjördæmisráð að ná þeim slagkrafti sem þarf til að undirbúa og taka þátt í kosningabaráttu til þings. Sjálfstæðismenn ætla sér sigur í næstu kosningum með samstilltu átaki. Látum því umræðu um hólfa-skiptingu ekki trufla okkur í þeim undirbúningi sem nú er unnin undir leiðsögn trúnaðarmanna flokksins innan og utan stjórnar kjördæmisráðs.

*Lands- og aðalfundarkveðjur.
Sigurður Valur Ásbjarnarson,
formaður kjördæmisráðs.*



Ungir í Suðurkjördæmi hittast á Höfn

Ungir Sjálfstæðismenn í Suðurkjördæmi hittust á Höfn í Hornafirði helgina 15. -17. júlí sl. Skafftellingur, félag ungra á Höfn, er greinilega í sókn og mikil stemmning í félaginu. Á föstudeginum var jöklasýningin ÍS-land skoðuð í fylgd bæjarstjórans Alberts Eymundssonar. Á laugardeg-

inum var skoðunarferð um Nýheima og svo sigling um Hornafjörð og Hornafjarðarós á Birni Lóðs. Á eftir var svo snæddur grillaður humar að hætti Hornfirðinga. Var það mál manna að fundurinn hafi verið mjög vel heppnaður og stefnt er að hittast aftur á Höfn að ári.



Aðalfundur kjördæmisráðs mikilvægur fyrir kjördæmið

Kaflaskil hafa orðið í íslenskri stjórn málasögu. Formaður Sjálfstæðisflokksins Davíð Oddsson hefur tekið þá ákvörðun að láta af störfum sem formaður og hætta beinni þátttöku í stjórn máli. Davíð Oddsson á að baki einstakan stjórn málaferil í íslenskri pólitík. Í tíð Davíðs Oddssonar á ráðherrastóli hafa orðið stórstígari framfarir hérlendis en í nokkru öðru nágrennanandi okkar. Alþjóðlegir mælikvarðar OECD staðfesta þetta. Íslensk þjóð mun búa að þessum breytingum um margra ára skeið og framtíðin er björt ef okkur farnast að vinna áfram á sömu braut.

Umfangsmesta einkavæðing Íslandssögunnar hefur farið fram með sölu Símans. Afar vel var staðið að þessu verkefni og ríkissjóður fær gott verð fyrir fyrirtækið. Stjórnarflokkarnir hafa lagt fram áætlun um hvernig skynsamlegt sé að verja söluandvirðinu. Því ber að fagna að stór hluti söluandvirðisins fari í að greiða niður erlendar skuldir ríkissjóðs því það mun koma komandi kynslóðum mjög til góða. Þó hefði verið vel hugsanlegt að



láta hærra hlutfall af sölnni til niðurgreiðslna á erlendum skuldum en til þess ber að lítað að þau verkefni sem áætlað er að fjármagna með söluandvirði Símans eru þess eðlis að þau nýtast allri þjóðinni. Þessir fjármunir eru viðbót við hefðbundnar fjárveitingar ríkisins til einstakra málaflokka, þannig að við getum enn átt eftir að sjá áherslubreytingar í einstaka verkefnum en þar á ég helst við samgönguþátt málsins.

Framkvæmdirnar á Austurlandi eru að ná hámarki en þeim verður að mestu lokið í ársbyrjun 2007. Óhætt er að segja að þessar framkvæmdir breyta miklu fyrir austfirðinga og muni hafa mikil áhrif til langrar framtíðar hvað atvinnu- og byggð-

þróun varðar. Að sjálfsögðu mun framkvæmdin koma allri þjóðinni til góða. Þó hér sunnanlands séu virkjanaf framkvæmdir í gangi bæði á Suðurnesjum og á Hellisheiði þá eru þær hvergi eins miklar og fyrir austan. Hér í Suðurkjördæmi er hins vegar búið að virkja mikla orku en engu að síður höfum við enn möguleika á að nýta þessa nátturuauðlind okkar mun betur en við höfum gert til þessa. Meðal annars er afar brýnt að halda áfram á sömu braut og gera áframhaldandi áætlanir varðandi frekari virkjanaf framkvæmdir í kjördæminu. Í Suðurkjördæmi háttar þannig til að hafnir eða hafnaraðstæður geta boðið uppá aðstöðu fyrir stóriðju. Þá má ekki útiloka orkufrekan iðnað sem ekki krefst jafn mikilla framkvæmda eins og stóriðjan. Ótal þættir mæla með því að orkufrekur iðnaður verði staðsettur í Suðurkjördæmi. Þar má meðal annars nefna að flutningsleiðir orkunnar eru stuttar og orkutap verður þar af leiðandi minna. Vatnsorkan og háhitinn á Íslandi er ein mikilvægasta nátturuauðlind okkar og hana verðum við að nýta þjóðinni

Sjálfstæðiskonur hittast

Sjálfstæðiskonur í Suðurkjördæmi hittust í Reykjanessbæ sunnudaginn 18. september sl. Byrjað var á því að skoða fyrirtekið Kaffitár sem er í eigu Aðalheiðar Héðinsdóttur en að því loknu var fundað í Duus húsum þar sem farið var yfir málefni Kjördæmisins. Að síðustu var haldið til Sandgerðisbæjar þar sem Fræðasetrið var heimsótt en að því loknu bauð Sigurður Valur Ásbjarnarson, formaður Kjördæmisráðs, upp á léttar veitingar í Efra-Sandgerði, elsta húsi bæjarins.



Sjálfstæðiskonur í Suðurkjördæmi í Fræðasetrinu í Sandgerði.

til hagsbóta. Umhverfissjónarmið verður einnig að virða að svo miklu leyti sem það þjónar heildarhagsmunum landsins og náttúrunnar.

Í samgönguáætlun kemur fram forgangsöröðun þeirra verkefna sem ríkið hefur ákveðið að ráðast í varðandi samgöngur. Lögð hefur verið áhersla á að byggja upp þjóðveg eitt og vegakerfi Vestfjarða og Suðurnesja en þar liggur einmitt tenging okkar allra við heiminn í kringum okkur. Ljóst er að tvöföldun Reykjanessbrautarinnar er samgöngubót sem nýtast mun landsmönnum öllum. Ein undantekning er frá ríkisframkvæmdum hvað varðar vegagerð er gerð

Hvalfjarðarganga en þau hafa sannað að slík einkaframkvæmd á fullkomlega rétt á sér. Það sem meira er við slíkar aðstæður er einungis farið í framkvæmdir sem eru sjálfbærar varðandi fjármögnun. Vegna þessa tel ég fullkomlega eðlilegt að leyfa hugmyndum um einkaframkvæmd í vegagerð að fá að þroskast. Undan gengin misseri hefur verið nokkur umræða með hvaða hætti mætti stytta leiðina frá Akureyri til Reykjavíkur. Í því sambandi hafa ýmsar leiðir verið nefndar. Nú virðist sem samstaða sé norðan og sunnan heiða um að byggja upp veg um Kjöl. Hálandisvegur um Kjöl er raunhæfur

kostur hvað varðar samgöngubætur milli norður og suðurlands.

Nú þegar haustar aukast verkefni okkar sem að stjórnmalunum koma. Framundan er landsfundur Sjálfstæðisflokksins með tilheyrandi málefnavinnu. Þá eru sjálfstæðisfélögin að vinna að uppstillingarmálum og málefnavinnan fer brátt af stað þannig að verkefnið eru ærin á komandi vetri. Eins og við þekkjum þá er afar mikilvægt að hefja skipulagt starf sem fyrst nú á haustmánuðum, uppskeran fer jú eftir því hvernig til er sáð.



Stillum saman strengi

Fundaherferð þingmanna og Kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Suðurlkjördæmi fór fram 17. maí til 1. júní 2005. Alls voru haldnir 13 fundir víðsvegar um kjördæmið. Fundirnir voru ágætlega sóttir en alls mættu um 200 manns úr kjördæminu til fundar. Yfirskrift herferðarinnar var „Stillum saman strengi“ en markmið fundanna var að kanna stöðu mála í kjördæminu í tilefni þess að kjörtímabil þingmanna var hálfnað og sveitarstjórnarkosningar framundan. Á nokkrum stöðum var gerð tilraun með nýtt fundaform þar sem miðað var við að framsögur þingmanna og sveitarstórnarmanna væru stuttar til að meiri tími gæfist til umræðna. Fundarmönnum var skipt upp í litla hópa en þingmenn, varaþingmenn og áróðursnefndarmenn dreifðu sér á hópana og spjölluðu við hvern hóp í fyrirfram ákveðinn tíma áður en þeir færðu sig yfir á næsta hóp. Fundarmenn á þeim fundum þar sem við prófuðum slíkt fundaform báru þessu skipulagi vel söguna, fannst fundirnir skemmtilegir og líflegir og góð tilbreyting við hið almenna fundaform. Við teljum vel hafa tekist til með þessa fundaherferð.



17. - 30. maí

Stillum saman strengi



Ágættu Sjálfstæðismenn í Suðurlkjördæmi.

Kjörtímabilið er hálfnað og sveitarstjórnarkosningar á næsta leiti. Nú er tímabært að staldra við, gaumgjafa stöðuna og verkefni sem framundan eru.

Þingmennirnir **Drifa Hjartardóttir**, **Kjartan Ólafsson** og **Guðjón Hjörleifsson** eiga fundi með sveitarstjórnarmönnum, öðrum trúnaðarmönnum og almennum flokksmönnum í Suðurlkjördæmi, dagana 17. - 30. maí.

Stuttar framsögur og umræður á eftir.

Hún vakti nokkra athygli á landsvísi og er mikilvægur liður í því að byggja upp sterkt, samstætt Suðurlkjördæmi. Við teljum það fundarform sem lagt var upp með hafi komið mjög vel út þar sem það var notað og leggjum til að aftur verði stuðst við það. Við vonumst til að ekki verði hér látið staðar numið heldur haldið áfram á sömu braut og stefnum að því að skipuleggja aðra fundaherferð á kjördæmisvísi á næsta ári. Við lítum á þessa vinnu sem mjög mikilvægt skref í þá átt að ná vopnum okkar fyrir þá baráttu sem framundan er. Til að vinna kosningar þurfum við öfluga kosningavél, vél sem við verðum að koma í gang sem allra fyrst. Mikilvægasta tækið sem við þurfum til að koma vélinni af stað er samstarf félagsmanna í kjördæminu öllu.

Við sem störfum í forystusveit flokksins í kjördæminu verðum öll sem eitt að líta á það sem mikilvægasta verkefni okkar næstu misseri. Við sem störfum í áróðursnefnd Kjördæmisráðs höfum lagt á það áherslu að Sjálfstæðismenn í kjördæminu hafi tækifæri til að kynnst hver öðrum. Þannig hefur verið lagt kapp á að stuðla að samstarfi ungra Sjálfstæðismanna í kjördæminu og þær konur sem gegna trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn í kjördæminu eru a.m.k. árlega boðaðar til fundar þar sem farið er yfir málefni kjördæmisins. Þá hefur verið reynt að koma á málefnnastarfi á kjördæmisvísi og tengja það aðalfundum Kjördæmisráðs. Á komandi landsfundi flokksins gefst okkur tækifæri til að stilla enn frekar saman strengi og er það von okkar að landsfundarfulltrúar úr Suðurlkjördæmi mæti vel á þá atburði sem sérstaklega eru skipulagðir fyrir okkur innan kjördæmisins. Við hlökkum til að sjá ykkur á landsfundi og vonumst til að fundurinn verði okkur öllum hvatning til enn meiri samskipta innan kjördæmisins.

*Halldór Leví Björnsson
Unnur Brá Konráðsdóttir*

Tilboð fyrir aðalfund Kjördæmis Sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi 12. nóvember 2005



Gisting:

Eins manns herbergi með morgunverði kr. 8.100 (*tvær nætur fyrir eina*)
Tveggjamanna herbergi með morgunverði kr. 11.400 (*tvær nætur fyrir eina*)

Hádegismatur kr. 1.500

Súpa og pasta með brauði og salati

Hátíðarkvöldverður kr. 3.900

Forréttur: Hornfirsk Humarsúpa

Aðalréttur: Grillsteiktur lambavöðvi borinn fram með kapers kartöflum,
gulrótarflani og púrtvíns-baconsósu.

Eftirréttur: Ekta súkkulaðikaka borin fram með vanilluís og berjacoulis

Hótel Höfn • Sími 478-1240 • hotelhofn@hotelhofn.is

Okkar fólk í málefna- nefndum flokksins



Á landsfundi 13.-16. október n.k. fer fram umfangsmikið málefna-
starf. Nokkrir einstaklingar úr Suðurkjördæmi auk þingmanna kjördæmisins eru ýmist formenn eða stjórnar-
menn þeirra málefnanefnda sem starfa á Landsfundi.

Þau eru:

Birgir Þór Runólfsson, Reykjanesbæ, er formaður efnahagsmálanefndar

Garðar K. Vilhjálmsson, Reykjanesbæ, er stjórnarmaður ferðamálanefndar

Helga Þorbergsdóttir, Vík í Mýrdal, er stjórnarmaður í heilbrigðis- og trygginganefnd

Björk Guðjónsdóttir, Reykjanesbæ, er stjórnarmaður í húsnæðisnefnd

Haldór Gunnarsson, Holti, Hvolsvelli er stjórnarmaður í landbúnaðarnefnd

Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Hellu, er stjórnarmaður í landbúnaðarnefnd

Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerði, er stjórnarmaður í skóla- og fræðslunefnd

